Fimmtudaginn 9. júní 2016.

Nr. 826/2015.

Vinnslustöðin hf.

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

Stillu útgerð ehf.

(Grímur Sigurðsson hrl.)

og gagnsök

Hlutafélag. Samruni. Hlutafé.

Með samningi 10. maí 2011 seldi V hf. eigin hluti, sem jafngiltu 2,5% af heildarhlutafé í félaginu, til U ehf., EG og EJ gegn afhendingu hluta í U ehf. Í kaupsamningnum var meðal annars tiltekið að forsendur viðskiptanna væru þær að V hf. og U ehf. yrðu sameinuð eigi síðar en 31. desember 2011 og gengi sameiningin ekki eftir gætu samningsaðilar lýst sig óbundna af kaupunum. Kaupsamningurinn var samþykktur á hluthafafundi V hf. 20. maí 2011 og í framhaldi af því voru hlutabréfin afhent á báða vegu. Á hluthafafundi V hf. 21. september sama ár voru samþykktar tillögur um samruna félaganna og hækkun hlutafjár í V hf. í tengslum við samrunann, þar sem fallið var frá forgangsrétti hluthafa í V hf. til áskriftar að nýju hlutafé. SÚ ehf. og hluthafar sem honum tengdust greiddu atkvæði gegn tillögunum og höfðuðu síðan mál gegn V hf. til ógildingar framangreindra ákvarðana hluthafafundarins. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 585/2012 var sú krafa tekin til greina á þeim grunni að greidd hefðu verið atkvæði í skjóli hlutafjárins sem selt var 10. maí 2011 í andstöðu við 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í kjölfar dóms Hæstaréttar var gerður viðauki við samninginn frá 10. maí 2011 þar sem allir fyrirvarar við samrunann voru felldir niður og viðskiptin frágengin án skilyrða. Á hluthafafundi V hf. 11. júlí 2013 var hafnað kauptilboði SÚ ehf. í þau 2,5% hlutabréfa í félaginu, sem kaupsamningurinn 10. maí 2011 og viðaukasamningurinn sneru að, og þess í stað samþykkt tillaga um að ganga frá sölu bréfanna til U ehf., EG og EJ. Með kaupsamningi 17. desember 2013 eignaðist S ehf., sem mun hafa verið stærsti einstaki hluthafinn í V hf. á þeim tíma, umrædd bréf. Á hluthafafundi V hf. 8. október 2014 voru samþykktar tillögur um samruna félagsins og U ehf. og hækkun hlutafjár í V hf. í tengslum við samrunann, auk þess sem fallið var frá forgangsrétti hluthafa í V hf. til áskriftar að nýju hlutafé. Í máli þessu krafðist SÚ ehf. þess að framangreindar ákvarðanir hluthafafundarins 8. október 2014 yrðu ógiltar. Reisti hann kröfu sína meðal annars á því að á hluthafafundinum hefði S ehf. ekki átt að njóta atkvæðisréttar á grundvelli 2,5% hlutar síns af heildarhlutafénu í V hf., sem hann eignaðist með kaupsamningnum 17. desember 2013, heldur hefði átt að fara með þau eins og um væri að ræða eigin hluti V hf., sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 585/2012. Í dómi Hæstaréttar kom fram að á hvorn veginn sem atkvæðisréttur hefði verið ákveðinn og atkvæði talin hefði náðst samþykki 2/3 hluta þeirra fyrir umræddum tillögum svo sem áskilið væri í 1. mgr. 93. gr. laga nr. 2/1995, sbr. einnig 124. gr. laganna. Gagnstætt því, sem hafði gerst á hluthafafundinum 21. september 2011, hefðu atkvæði á grundvelli umræddra hlutabréfa þannig ekki ráðið niðurstöðu atkvæðagreiðslu í þetta sinn. Var því talið að það gæti engu skipt fyrir lögmæti atkvæðagreiðslunnar að þessi atkvæði hefðu þar verið talin með og væri ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort þessum hlutabréfum fylgdi með réttu atkvæðisréttur. Þá var hvorki fallist á með SÚ ehf. að ákvörðun hluthafafundarins, um að farin yrði sú leið við samrunann að hluthafar í

V hf. fengju eingöngu að endurgjaldi hlutabréf í U ehf., hefði brotið gegn jafnræði hluthafanna né að þeim hefði verið mismunað í skilningi 3. mgr. 34. gr., sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995. Loks var ekki talið að það gæti eitt út af fyrir sig haft áhrif á gildi ákvarðananna að við undirbúning samrunans hefði í einu lagi verið gerð skýrsla samkvæmt 122. gr. laganna fyrir bæði félögin. Samkvæmt framansögðu var V hf. sýknað af kröfu SÚ ehf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Benedikt Bogason, Eiríkur Tómasson, Greta Baldursdóttir og Ólafur Börkur Þorvaldsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 8. desember 2015. Hann krefst sýknu af kröfu gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi fyrir sitt leyti 4. febrúar 2016. Hann krefst staðfestingar dómsins um annað en málskostnað, sem hann krefst í héraði og fyrir Hæstarétti.

I

Aðaláfrýjandi gerði samning 10. maí 2011 við Ufsaberg ehf., Eyjólf Guðjónsson og Elínborgu Jónsdóttur, þar sem sá fyrstnefndi seldi þeim síðarnefndu hlutabréf í aðaláfrýjanda að nafnverði 429.002 evrur, sem sagt var jafngilda 2,5% af heildarhlutafé í félaginu, en um væri að ræða eigin hluti þess. Fyrir hlutabréfin áttu kaupendurnir að greiða með afhendingu hluta í Ufsabergi-útgerð ehf. að nafnverði 15.800.000 krónur eða sem svaraði 28,88% hlutafjár í félaginu, en eftir gögnum málsins átti aðaláfrýjandi fyrir 35% hlut í því. Fyrirvarar voru gerðir í samningnum, meðal annars um að samþykkja þyrfti hann á hluthafafundi í aðaláfrýjanda sem haldinn yrði 20. maí 2011, en hvorki yrði hið selda né kaupverðið afhent fyrr en fyrirvörum yrði aflétt. Tiltekið var að kaupin væru gerð á þeirri forsendu að Ufsaberg-útgerð ehf. rynni saman við aðaláfrýjanda fyrir lok ársins 2011 og myndi stjórn hans bera upp tillögu um það á hluthafafundi. Við samrunann yrði byggt á sama hlutfalli og í samningnum milli verðmætis hluta í félögunum tveimur og myndu þá hluthafar í Ufsabergi-útgerð ehf. fá „til viðbótar" hlutabréf í aðaláfrýjanda að nafnverði 536.668 evrur eða 3,074% af heildarhlutafénu eins og það yrði eftir samrunann. Gengju ráðagerðir um hann ekki eftir gætu kaupendur jafnt sem aðaláfrýjandi lýst sig óbundna af kaupunum og yrði gagnaðilinn að hlíta því, en skila yrði þá greiðslum og gera aðila samningsins eins setta og ef hann hefði aldrei verið gerður, þó þannig að réttur til bóta kæmi ekki til. Þá var tekið fram að arður af hlutabréfunum í aðaláfrýjanda, sem ákveðinn yrði á árinu 2011,

myndi renna til kaupendanna, en yrði þó geymdur hjá aðaláfrýjanda þar til samruninn hefði farið fram. Yrði ekki af honum rynni arðurinn til aðaláfrýjanda.

Áður en kaupsamningur þessi var gerður höfðu eigendur 55,12% hlutafjár í aðaláfrýjanda gert hluthafasamning 31. mars 2011, en meðal þeirra voru Ufsaberg ehf. og Eyjólfur Guðjónsson, sem virðast hvor fyrir sitt leyti hafa þá átt óverulegan hlut í aðaláfrýjanda. Að auki átti Elínborg Jónsdóttir aðild að hluthafasamningnum þótt hún muni á þessum tíma ekki hafa átt hlutabréf í aðaláfrýjanda, en um hana og tvo aðra aðila samningsins, sem virðist eins hafa verið ástatt um, var tekið fram að hann yrði bindandi gagnvart þeim ef þau gerðust á síðari stigum hluthafar í félaginu. Í samningnum var meðal annars kveðið á um skyldu aðila hans til að beita atkvæðisrétti í aðaláfrýjanda með samræmdum hætti eftir niðurstöðu meiri hluta þeirra, þar á meðal við stjórnarkjör, svo og um forkaupsrétt milli þeirra innbyrðis að hlutum í félaginu. Samningur þessi mun hafa komið í stað hluthafasamnings frá 16. apríl 2007, en hann liggur ekki fyrir í málinu.

Hluthafafundur var haldinn í aðaláfrýjanda 20. maí 2011 og borin þar upp tillaga um að samþykkja kaupsamninginn frá 10. sama mánaðar. Samkvæmt fundargerð var fundurinn sóttur af hálfu eigenda 98,49% hlutafjár í aðaláfrýjanda, en þar af virðist sem 33,29% þess hafi tilheyrt gagnáfrýjanda og hluthöfum, sem honum tengdust. Þeir greiddu atkvæði gegn tillögunni, en aðrir hluthafar, sem mættu á fundinn, voru henni samþykkir. Í framhaldi af því munu hlutabréfin, sem samningurinn frá 10. maí 2011 tók til, hafa á báða vegu verið afhent til að efna hann. Fyrrnefndir kaupendur hlutabréfanna í aðaláfrýjanda virðast að þessu gerðu hafa nýtt sér réttindi á grundvelli þeirra með því að sækja aðalfund í félaginu 30. júní 2011, en samkvæmt fundargerð frá honum mættu þar „fulltrúar fyrir 1.540.953.915 hluti eða 99,85% hlutafjár." Á þeim fundi var meðal annars samþykkt með atkvæðum 1.040.195.005 hluta gegn 500.758.910 ályktun um að „stjórn nýti eigin hluti í félaginu sem gagngjald fyrir hlutabréf í Ufsabergi-útgerð ehf. í tengslum við mögulega sameiningu félaganna."

Aftur var haldinn hluthafafundur í aðaláfrýjanda 21. september 2011 og var þar mætt af hálfu eigenda 99,69% hlutafjár. Fyrir fundinn voru lagðar tillögur stjórnar félagsins um svofelldar ákvarðanir: „Hluthafafundurinn samþykki samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við Vinnslustöðina hf. Greiðsla skal innt af hendi með afhendingu eigin bréfa Vinnslustöðvarinnar, sem eru í dag að nafnverði EUR 237.611 og afhendingu á ný útgefnu hlutafé ... að nafnverði EUR 299.057 ... Hluthafafundurinn samþykkir að hækka hlutafé félagsins um EUR 299.057 vegna samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og

Vinnslustöðvarinnar hf. Forgangsréttur hluthafa til áskriftar gildir ekki um hið nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal nýta hlutaféð sem greiðslu í tengslum við samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar. Heildarhlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. eftir hlutafjáraukninguna nemur EUR 17.459.145". Gagnáfrýjandi og hluthafar, sem honum tengdust, andmæltu þessum tillögum. Þær voru síðan bornar upp og samþykktar með 67,37% atkvæða, en meðal þeirra munu hafa verið atkvæði í skjóli hlutabréfanna, sem aðaláfrýjandi seldi með fyrrgreindum samningi 10. maí 2011. Munu þau atkvæði hafa ráðið niðurstöðu um samþykki tillagnanna, sem háð var 2/3 hlutum atkvæða, sbr. 93. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Gagnáfrýjandi og tveir aðrir hluthafar í aðaláfrýjanda höfðuðu mál á hendur honum 6. desember 2011 og kröfðust þess að framangreindar ákvarðanir hluthafafundarins 21. september sama ár yrðu ógiltar. Sú krafa var tekin til greina með dómi Hæstaréttar 26. mars 2013 í máli nr. 585/2012.

Fjallað var um afleiðingar framangreinds dóms á hluthafafundi í aðaláfrýjanda 7. júní 2013 og kom þar meðal annars fram að þá þegar hafi verið unnið að því að skipta aðaláfrýjanda og Ufsabergi-útgerð ehf. aftur í tvö félög, en það væri „mjög flókin aðgerð", svo sem sagði í fundargerð, enda þyrfti að endurgera ársreikning vegna ársins 2011 og samþykkja að nýju, ljúka þyrfti ársreikningum fyrir bæði félögin vegna 2012 og breyta bókhaldsfærslum á yfirstandandi ári. Þá kom fram að litið væri svo á að dómurinn breytti engu um sölu á 2,5% hlutafjár í aðaláfrýjanda með kaupsamningnum 10. maí 2011, en gera þyrfti viðauka við hann „þar sem allir fyrirvarar í tengslum við samruna Vinnslustöðvarinnar og Ufsabergs-útgerðar verði felldir út." Yrði Eyjólfi Guðjónssyni og Elínborgu Jónsdóttur „gerð grein fyrir aðgerðaráætluninni sem stjórn Vinnslustöðvarinnar ákveður."

Aðaláfrýjandi gerði samning 21. júní 2013 við Ufsaberg ehf., Eyjólf Guðjónsson og Elínborgu Jónsdóttur með fyrirsögninni: „Viðauki við kaupsamning". Í upphafi hans var lýst meginefni kaupsamningsins frá 10. maí 2011 og tiltekið að kaupendur samkvæmt honum hafi efnt skyldur sínar. Því næst voru reifuð ákvæði 3. greinar eldri samningsins, þar sem fram komu áðurgreindar forsendur hans um samruna aðaláfrýjanda og Ufsabergs-útgerðar ehf. fyrir árslok 2011 og ákvæði um hlutabréf í aðaláfrýjanda, sem viðsemjendur hans áttu að fá í sinn hlut við samrunann, svo og um heimildir samningsaðilanna til að fella niður kaupin ef ráðagerð um hann næði ekki fram að ganga. Sagði síðan í viðaukasamningnum: „Aðilar eru sammála um að 3. gr. kaupsamningsins frá 10. maí 2011 skuli falla niður og teljast því viðskiptin með

framangreind 2,5% eigin hlutabréf VSV frágengin án skilyrða.“ Þá var mælt fyrir um samkomulag um að fela tilteknu endurskoðunarfyrirtæki „að gera tillögu að uppgjöri á arðgreiðslum“ af hlutabréfum, sem kaupsamningurinn 10. maí 2011 tók til, en tekið svo fram að viðaukasamningurinn væri gerður með fyrirvara af hendi aðaláfrýjanda um að hluthafafundur staðfesti hann.

Á aðalfundi aðaláfrýjanda 28. júní 2013 var meðal annars samþykkt samhljóða tillaga um að stjórn hans væri á næstu átján mánuðum heimilt að kaupa allt að 1/10 hlutabréfa í félaginu, enda mætti kaupverð ekki vera hærra en 10% yfir verði í síðustu þekktum viðskiptum með þau. Hluthafafundur var síðan haldinn í aðaláfrýjanda 11. júlí sama ár. Fyrir fundinn hafði honum borist tilboð gagnáfrýjanda í þau 2,5% hlutabréfa í félaginu, sem kaupsamningurinn 10. maí 2011 og viðaukasamningurinn 21. júní 2013 sneru að, en gagnáfrýjandi bauðst til að kaupa hlutabréfin fyrir 587.000.000 krónur eða 15 krónur á hvern hlut. Á hluthafafundinum lögðust eigendur meiri hluta hlutafjár gegn því að stjórn aðaláfrýjanda „hlutaðist til um að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að hægt væri að taka tilboðinu“ frá gagnáfrýjanda, en samþykktu á hinn bóginn tillögu um að staðfesta viðaukasamninginn frá 21. júní 2013. Í þeirri tillögu kom meðal annars fram að hún fæli í sér að „sala eigin hlutabréfa félagsins að nafnverði 429.002 evrur gegn greiðslu á hlutafé í Ufsabergi-útgerð ehf. ... að nafnverði kr. 15.800.000 haldi gildi sínu.“

Ufsaberg ehf. gerði samning 17. desember 2013 við Seil ehf., sem mun hafa verið stærsti einstaki hluthafinn í aðaláfrýjanda og jafnframt aðili að áðurgreindum hluthafasamningi 31. mars 2011, um kaup Seilar ehf. á hlutabréfum í aðaláfrýjanda að nafnverði 431.750 evrur, sem væru 2,52% alls hlutafjárins. Kaupverðið, 441.595.879 krónur, yrði greitt með skuldabréfi til fimm ára og tryggt með veði í hlutabréfum Seilar ehf. í aðaláfrýjanda, en við lok lánstímans yrði Ufsabergi ehf. heimilt að breyta kröfu samkvæmt skuldabréfinu í hlutafé í Seil ehf. í stað þess að fá hana greidda með peningum. Eins og málið liggur fyrir verður að leggja til grundvallar að hlutabréfin, sem þessi samningur sneri að, hafi að meginhluta verið þau sömu og kaupsamningurinn 10. maí 2011 og viðaukasamningurinn 21. júní 2013 voru gerðir um, en ekki er að sjá skýringar á því hvernig eða hvenær Ufsaberg ehf. hafi eitt orðið eigandi að þeim hlutabréfum.

Seil ehf. sendi aðaláfrýjanda bréf 17. febrúar 2014, þar sem lýst var yfir vilja þessa hluthafa, sem kvaðst eiga 39,55% hlutabréfa í aðaláfrýjanda, til að sá síðarnefndi gengi „til viðræðna við eigendur að tæplega 35% hluta Ufsabergs útgerðar ehf.“ um

sameiningu félaganna. Á fundi stjórnar aðaláfrýjanda 18. sama mánaðar ákvað meiri hluti hennar að bera þessa tillögu upp á hluthafafundi. Sá fundur var haldinn 27. febrúar 2014 og sóttur af hálfu eigenda 98,54% hlutafjár í aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjandi og hluthafar, sem honum tengdust, lýstu sig andvíga tillögunni, en hún var síðan samþykkt af „meirihluta hluthafa“. Á móti henni voru „hluthafar með 32% atkvæði að baki sér“, svo sem sagði í fundargerð. Meiri hluti stjórnar aðaláfrýjanda ákvað síðan á fundi hennar 27. mars 2014 að hefja viðræður um þetta. Í framhaldi af því var samþykkt á fundi stjórnarinnar 20. júní sama ár af meiri hluta hennar að undirrita áætlun um samruna aðaláfrýjanda og Ufsabergs-útgerðar ehf. og var það gert sama dag. Í þeirri áætlun kom meðal annars fram að hluthafar í Ufsabergi-útgerð ehf., aðrir en aðaláfrýjandi, fengju við samrunann hlutabréf í aðaláfrýjanda að nafnverði 707.665 evrur, en þar af væru hlutabréf að nafnverði 96.598 evrur í eigu hans og yrði hlutafé í honum jafnframt hækkað í þessu skyni um 611.067 evrur.

Hluthafafundur var haldinn í aðaláfrýjanda 8. október 2014 og lagði stjórn hans þar fram svohljóðandi tillögur: „Hluthafafundurinn samþykkir samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. þar sem Vinnslustöðin hf. verður yfirtökufélagið“ og „Hluthafafundurinn samþykkir að hækka hlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. um 611.067 evrur. Forkaupsréttur hluthafa gildir ekki um viðbótarhlutaféð og veitir hluthafafundurinn stjórn félagsins heimild til að ráðstafa hinu nýja hlutafé ásamt eigin bréfum félagsins að nafnvirði 96.598 evrur til annarra hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. (samtals 707.665 evrur) í samræmi við samrunaáætlun félaganna.“ Á fundinum voru atkvæði greidd um hvora tillögu fyrir sig, en samkvæmt talningu atkvæða þar féllu þau á sama veg um báðar tillögurnar með því að samþykkir þeim væru eigendur 67,68% hlutafjár, sem mætt væri fyrir á fundinum, og andvígir 32,32%. Fyrirtækjaskrá var tilkynnt sama dag að samruninn hafi verið staðfestur ásamt því að óskað var eftir að Ufsaberg-útgerð ehf. yrði afskráð.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta 23. desember 2014 og krafðist þess að ógiltar yrðu ákvarðanir hluthafafundarins 8. október sama ár, sem voru samhljóða framangreindum tillögum stjórnar aðaláfrýjanda. Með hinum áfrýjaða dómi var orðið við þessari dómkröfu gagnáfrýjanda, en málskostnaður milli aðilanna felldur niður.

II

Í bréfi endurskoðanda aðaláfrýjanda til lögmanns hans 10. september 2015 var meðal annars greint frá því í tilefni fyrirspurnar frá lögmanninum að aðaláfrýjandi hafi breytt „starfrækslugjaldmiðli sínum“ úr krónum í evrur 1. janúar 2008 og hafi við þá

breytingu verið miðað við gengi evru 31. desember 2007, sem hafi verið 91,2. Hlutafé í aðaláfrýjanda hafi á þeim tíma verið að nafnverði 1.565.000.000 krónur og breyst þannig í 17.160.088 evrur. Hlutaskrá hafi upp frá þessu verið færð bæði í krónum og evrum og miðað í því sambandi við framangreint gengi án tillits til breytinga, sem hafi síðar orðið á því. Gagnáfrýjandi hefur ekki andmælt því að þetta efni bréfsins sé rétt. Þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir þessari tilhögun hlutaskrár í samþykktum aðaláfrýjanda, þar sem heildarhlutafé var tilgreint í evrum, gildir einu við hvorn gjaldmiðil hafi verið stuðst við ákvörðun atkvæðisréttar á hluthafafundum í aðaláfrýjanda, enda hafi þeirri reglu verið fylgt þar að umreikna nafnverð allra hlutabréfa úr evrum í krónur eftir áðurgreindu gengi. Í málinu hafa ekki verið bornar brigður á að þessa hafi verið gætt við atkvæðagreiðslur á hluthafafundinum 8. október 2014, en atkvæði voru þar talin eftir nafnverði hlutabréfa í krónum.

Samkvæmt gögnum málsins taldist heildarhlutafé í aðaláfrýjanda fyrir þennan hluthafafund hafa verið að nafnverði 1.565.000.000 krónur, en þar af voru eigin hlutir hans að nafnverði 8.809.713 krónur, sem ekki átti að telja með við atkvæðagreiðslur, sbr. 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995. Aðilunum ber saman um að fundurinn hafi verið sóttur af hálfu eigenda hlutabréfa að nafnverði 1.549.509.599 krónur. Meðal þeirra hafi verið Seil ehf., sem hafi alls átt hlutabréf að nafnverði 636.725.169 krónur, þar af 2,5% af heildarhlutafénu, að nafnverði 39.125.000 krónur, sem kaupsamningurinn 10. maí 2011 og viðaukinn við hann 21. júní 2013 snerust um, en sem áður segir eignaðist Seil ehf. þau hlutabréf með kaupsamningi 17. desember 2013. Þá ganga aðilarnir báðir út frá því í málatilbúnaði sínum að Seil ehf. hafi greitt atkvæði á hlutahafafundinum á grundvelli allra hlutabréfa sinna í aðaláfrýjanda, að nafnverði 636.725.169 krónur, með tillögum stjórnar hans. Á fundinum hafi atkvæðin, sem hafi verið samtals 1.549.509.599, fallið þannig að 1.048.729.858 eða 67,68140% hafi verið greidd með tillögum stjórnar aðaláfrýjanda og 500.758.910 eða 32,31725% á móti, en þeir, sem hafi farið með 20.831 atkvæði eða 0,00135%, hafi setið hjá. Í málinu hefur gagnáfrýjandi einkum byggt á því að á hluthafafundinum hafi Seil ehf. ekki átt að njóta atkvæðisréttar á grundvelli 2,5% hlutar síns af heildarhlutafénu í aðaláfrýjanda, að nafnverði 39.125.000 krónur, fremur en atkvæðisréttur hafi með réttu átt að fylgja þeim hlutabréfum á hluthafafundinum 21. september 2011 samkvæmt dómi Hæstaréttar í fyrrnefndu máli nr. 585/2012, heldur hafi átt að fara með þau eins og um væri að ræða eigin hluti aðaláfrýjanda. Um þessa málsástæðu er til þess að líta að hefði þessi leið verið farin við ákvörðun atkvæðisréttar og talningu atkvæða á hluthafafundinum 8.

október 2014 hefðu hlutabréfin að nafnverði 39.125.000 krónur ekki talist með við atkvæðagreiðslur og hefði heildartala atkvæða því orðið 1.510.384.599. Af þeim hefðu 1.009.604.858 atkvæði talist greidd með tillögum stjórnar aðaláfrýjanda eða 66,84422% og 500.758.910 atkvæði gegn þeim eða 33,15440%, en þeir, sem fóru með 20.831 atkvæði, hefðu talist hafa setið hjá eða 0,00138%. Á hvorn veginn sem atkvæðisréttur hefði verið ákveðinn og atkvæði talin náðist þannig samþykki 2/3 hluta þeirra fyrir tillögum stjórnar aðaláfrýjanda um breytingar á samþykktum hans og samruna við Ufsaberg-útgerð ehf., svo sem áskilið er í 1. mgr. 93. gr. laga nr. 2/1995, sbr. einnig 124. gr. laganna. Gagnstætt því, sem gerðist á hluthafafundinum 21. september 2011, réðu atkvæði á grundvelli hlutabréfanna að nafnverði 39.125.000 krónur þannig ekki niðurstöðu atkvæðagreiðslu í þetta sinn. Í því ljósi getur engu skipt fyrir lögmæti atkvæðagreiðslunnar að þessi atkvæði hafi þar verið talin með og gerist þess þá heldur ekki þörf að taka afstöðu til þess hvort atkvæðisréttur hafi með réttu átt að fylgja þessum hlutabréfum við atkvæðagreiðslur um framangreindar tillögur stjórnar aðaláfrýjanda.

Eins og áður greinir var samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins 8. október 2014 farin sú leið við samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við aðaláfrýjanda að hluthafar í félaginu fengu eingöngu að endurgjaldi hlutabréf í honum, sem að hluta höfðu verið í eigu hans en urðu til að öðru leyti og mestu með hækkun hlutafjár. Í staðinn hefði aðaláfrýjandi vissulega getað annars vegar selt öðrum eigin hluti sína og hins vegar boðið nýja hlutaféð út, meðal annars að gættum áskriftarrétti þáverandi hluthafa samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, aflað þannig reiðufjár og nýtt það síðan sem greiðslu til hluthafa í Ufsabergi-útgerð ehf. fyrir hluti þeirra í því félagi. Sú leið, sem hluthafafundurinn ákvað að fara, er á hinn bóginn samrýmanleg lögum og alvanaleg við samruna félaga. Af gögnum málsins verður ekkert ráðið til stuðnings því að hún hafi orðið fyrir valinu gagngert í þeim tilgangi að lækka hlutfall hlutabréfa gagnáfrýjanda af heildarhlutafé í aðaláfrýjanda og þar með vægi atkvæða gagnáfrýjanda við töku ákvarðana, svo sem hann hefur haldið fram. Þó svo að einhverjir eða hugsanlega allir hluthafarnir í Ufsabergi-útgerð ehf., sem eignuðust á þennan hátt hlutabréf í aðaláfrýjanda, hafi verið aðilar að áðurnefndum hluthafasamningi frá 31. mars 2011, getur það ekki valdið því að hluthafafundinum 8. október 2014 hafi verið óheimilt vegna 95. gr. laga nr. 2/1995 að haga ákvörðun sinni með þessum hætti. Gagnáfrýjandi hefur hvorki með matsgerð dómkvadds manns né öðrum viðhlítandi gögnum hnekkt því áliti sérfræðings 20. júní 2014 samkvæmt 122.

gr. sömu laga að endurgjald aðaláfrýjanda fyrir hlutina í Ufsabergi-útgerð ehf. hafi verið sanngjarnt og efnislega rökstutt. Verður því ekki orðið við dómkröfu gagnáfrýjanda á grundvelli málsástæðna hans, sem lúta að því að ákvarðanir hluthafafundarins 8. október 2014 hafi brotið gegn jafnræði hluthafa í aðaláfrýjanda.

Samkvæmt 4. grein samþykkta aðaláfrýjanda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, bar honum að gæta þeirrar reglu við hækkun hlutafjár að gefa hluthöfum kost á að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Eftir 3. mgr. sömu lagagreinar, sbr. 93. gr. laganna, gat þó hluthafafundur með 2/3 hlutum atkvæða ákveðið að víkja frá þeirri meginreglu og verður að líta svo á að sú undanþága hafi gilt um aðaláfrýjanda án tillits til þess að hún hafi ekki verið tekin upp í 4. grein samþykkta hans, enda sagði í 33. grein þeirra að ákvæði laga um hlutafélög skyldu gilda um atriði, sem ekki væri mælt fyrir um í samþykktunum. Svo sem áður greinir samþykktu hluthafar í aðaláfrýjanda, sem fóru með meira en 2/3 hluta atkvæða á hluthafafundinum 8. október 2014, að víkja frá meginreglu 1. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 við hlutafjárhækkunina, sem þar var ákveðin, með því að nýju hlutirnir yrðu ekki boðnir þáverandi hluthöfum til áskriftar, heldur yrði hlutunum ráðstafað sem greiðslu við samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við aðaláfrýjanda. Heimild til þessa var samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laganna háð því skilyrði að hluthöfum væri á engan hátt mismunað með þeirri ráðstöfun. Af gögnum málsins verður ekki að fullu ráðið hverjir hafi eignast nýju hlutabréfin í aðaláfrýjanda eða hvort þeir hafi á þeim tíma þegar verið í röðum hluthafa í honum, en ljóst er á hinn bóginn að hlutabréfin fengu þeir af þeirri ástæðu að þeir væru hluthafar í Ufsabergi-útgerð ehf. en ekki þeirri að þeir hafi áður átt hluti í aðaláfrýjanda. Hluthöfum í aðaláfrýjanda var því ekki á þennan hátt mismunað í skilningi 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995.

Við undirbúning samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við aðaláfrýjanda gegndi sami maður hlutverki óháðs og sérfróðs matsmanns samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 vegna beggja félaganna, svo sem heimilt var eftir síðari málslið 1. mgr. þeirrar lagagreinar, en hann var á þeim tíma endurskoðandi þeirra. Þótt gerð hafi verið í einu lagi skýrsla fyrir bæði félögin vegna samrunans getur það eitt út af fyrir sig ekki haft áhrif á gildi ákvarðana um hann. Ekki hafa komið fram viðhlítandi rök fyrir staðhæfingum gagnáfrýjanda um að endurskoðandinn hafi verið vanhæfur til að leysa verkið af hendi.

Að virtu því öllu, sem að framan greinir, verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfu gagnáfrýjanda. Verður gagnáfrýjanda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Vinnslustöðin hf., er sýkn af kröfu gagnáfrýjanda, Stillu útgerðar ehf.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 2.500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Rétt endurrit staðfestir
09.06.2016
Gjald: 2.500 kr.

